



Textíll 1. - 4. bekkur

Í 1. – 4. bekk er misjafnt milli ára hversu marga tíma nemendur fá í textíl og því eru settir hér saman fjórir árgangar þar sem smátt og smátt er unnið að því að þessum viðmiðum nái nemendur í lok 4. bekkjar.

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Við lok 4. bekkjar getur nemandi:</p> <p>Handverk, aðferðir og tækni</p> <p>Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.</p> <p>Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.</p> <p>Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.</p> <p>Sköpun, hönnun og útfærsla</p> <p>Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.</p> <p>Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.</p> <p>Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.</p> <p>Leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.</p> <p>Menning og umhverfi</p> <p>Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.</p>	<p>Sýnikennsla þar sem ýmist er farið yfir verkferlið og aðferðir fyrir framan allan hópinn eða nemendum skipt í minni hópa.</p> <p>Stöðvavinna þar sem unnið er að ólíkum viðfangsefnum á sama tíma og nemendur fara á milli stöðva.</p> <p>Einstaklingsaðstoð þar sem aðstoðað er eftir þörfum hvers og eins.</p> <p>Kynningar þar sem fjallað er um ákveðin hráefni eða sögulegt samhengi við viðfangsefni kynnt.</p> <p>Efni og áhöld sem notuð eru við viðfangsefni.</p>	<p>Nemendur:</p> <p>Handverk</p> <p>Þjálfí fínhyreyfingar og samhæfingu huga og handa.</p> <p>Geti teiknað, málað, þrykkt og/eða litað á efni.</p> <p>Þræði grófa nál, saumi einföld útsaumsspor og gangi frá enda.</p> <p>Saumi saman, í höndum, tvö stykki og noti útsaum til skreytinga.</p> <p>Geti búið til snúru.</p> <p>Klippir pappír, garn og efni.</p> <p>Vinni auðveldan vefnað.</p> <p>Þæfi ullarkembur og þekki eiginleika íslensku ullarinnar.</p> <p>Gerir tilraunir með fingraprjón og fingrahekl.</p> <p>Saumi einfaldar línur á saumavél.</p> <p>Vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman.</p> <p>Snúi band eða læri að hnýta.</p> <p>Sköpun</p>	<p>Frammistöðumat þar sem merkt er við í lok hvernar kennslustundar hvernig nemandi hefur staðið sig. Þættir sem metnir eru: virkni, verkfærni og umgengni.</p> <p>Hæfniviðmiðaðmat þar sem merkt er við hversu vel nemandi nær tókum á tækni greinarinnar.</p> <p>Gefin er umsögn í lok tímabils.</p>



<p>Sagt frá nokkrum tegundum textílefna.</p> <p>Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.</p> <p>Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.</p>		<p>Tjái hugmyndir sínar með einföldum skissum.</p> <p>Sýni fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk.</p> <p>Upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda.</p> <p>Menning</p> <p>Noti fjölbreyttan efnivið og bæði ný og notuð efni í textílvinnu.</p> <p>Þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar.</p> <p>Þekki eiginleika íslensku ullarinnar og hvernig hún var og er unnin í klæði.</p> <p>Tengi textílvinnu við sögu, samfélag og listir.</p> <p>Venji sig á að ganga frá áhöldum, efnum og verkefnum.</p>	
--	--	---	--